



## Þrír farvegir sem liggja úr gígvatni

Á þessari mynd sést hringlaga gígur með þremur farvegum sem brjótast úr gígbarminum í suðurátt. Gígurinn hefur fyllst af seti og gæti hafa verið stöðuvatn í fyrndinni. Þegar vatnið tók að flæða yfir gígbarminn hefur rof fljótlega leitt til þess að farvegur myndaðist og vatnið tæmdist, að minnsta kosti að hluta.

(NASA/JPL/University of Arizona)

[uahirise.org/ESP\\_053670\\_2180](http://uahirise.org/ESP_053670_2180)

